

# FÖLJANDE

IS



Design and Quality  
IKEA of Sweden





**Efnisyfirlit**


<b>Öryggisupplýsingar</b>	<b>4</b>	<b>Hvað á að gera ef...</b>	<b>9</b>
<b>Lýsing á tækinu</b>	<b>7</b>	<b>Tækniupplýsingar</b>	<b>10</b>
<b>Stjórnborð</b>	<b>7</b>	<b>Umhverfissjónarmið</b>	<b>11</b>
<b>Prif og viðhald</b>	<b>7</b>	<b>IKEA ÁBYRGÐ</b>	<b>12</b>

**Öryggisupplýsingar**


**Fyrir notkun í fyrsta sinn**


Öryggi bæði þitt og annarra er mikilvægt. Fjarlægjið pappahlífar, hlífðarþynnu og límmiða af aukabúnaði.

Athugið með skemmdir í flutningi. Til að koma í veg fyrir skemmdir skal ekki setja neina þunga hluti á raftækið. Látið raftækið ekki verða fyrir loftmengun. Í þessari handbók, svo og á raftækinu sjálfu, eru mikilvægar öryggisupplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa og taka ávallt tillit til.

 Þetta er tákn fyrir aðvörðun sem varðar öryggi sem vekur athygli notandans á hugsanlegum áhættum gagnvart honum sjálfum eða öðrum.

Á undan öllum öryggisviðvörðunum birtist þetta aðvörðunartákn og eftirfarandi orð:

 **HÆTTA:** gefur til kynna hættuástand sem leiðir alvarlegs líkamstjóns, sé því ekki sinnt.

 **AÐVÖRUN:** Gefur til kynna hættuástand sem gæti leitt til alvarlegs líkamstjóns, sé því ekki sinnt.

Allar öryggisviðvaranir gefa upp nánari atriði um hugsanlegt hættu-/varúðarástand og tilgreina hvernig hægt er að draga úr hættu á slysum, skemmdum og raflosti vegna óviðeigandi notkunar raftækisins. Farið nákvæmlega eftir þessum leiðbeiningum.

**Varúðarráðstafanir og almenn ráð**

- Verk vegna uppsetningar og tenginga við rafmagn þurfa að vera unnin af þjálfuðum tæknimönnum í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda

og samkvæmt öryggisreglum á hverjum stað. Ekki skal gera við eða skipta um neinn hlut tækisins nema það sé sérstaklega tekið fram í notendahandbókinni.

- Taka þarf tækið úr sambandi við straumgjafann áður en verk við uppsetningu eru unnin.
- Skylt er að jarðtengja tækið. (aðeins nauðsynlegt fyrir I. flokk).
- Rafmagnssnúran þarf að vera nægilega löng til að hægt sé að tengja hana við raftækið þegar hún er komin í hýsingu sína.
- Togið ekki í rafmagnssnúruna til að taka hana úr sambandi.
- Raffrænicir hlutar mega ekki vera aðgengilegir fyrir notandann eftir uppsetningu.
- Snertið ekki tækið með rökum líkamshluta og notið það ekki ef þið eruð berfætt.
- Tækið er ekki ætlað til notkunar af aðilum (þar með talin börn) með hafa skerta líkamlega, skynræna eða andlega hæfni eða skortir reynslu og þekkingu nema undir eftirliti eða ef þeir hafa fengið leiðbeiningar um notkun af þeim sem bera ábyrgð á öryggi þeirra.
- Ekki skal gera við eða skipta um neinn hlut tækisins nema það sé sérstaklega tilgreint í notendahandbókinni. Allri annarri viðhaldsþjónustu skal sinnt af sérhæfðum tæknimönnum.
- Börn þurfa að vera undir eftirliti til að gæta þess að þau leiki sér ekki að tækinu.

- Við borun í vegginn þarf að gæta þess að skemma ekki rafleiðslur og/eða rör.
- Loftop þurfa alltaf að opnast út undir bert loft.
- Framleiðandinn hafnar allri ábyrgð vegna skemmda sem er af völdum rangrar notkunar eða stillinga.
- Með viðeigandi viðhaldi og þrifum er tryggt að tækið sé í góðu ástandi til notkunar og nái sem bestum árangri. Þrifið reglulega öll föst óhreinindi af yfirborðinu til að koma í veg fyrir fitusöfnun. Takið síuna úr reglulega og þrifið hana eða skiptið um.
- Ekki skal eldsteikja (flambers) undir tækinu. Opinn eldur getur valdið íkveikju.
- Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum um þrif á háfnum og útskiptum á síum getur það valdið íkveikju.
- Útblásturslofti má ekki veita í gegnum loftrás sem er ætluð til að færa burt gufur frá gasbrennurum eða öðrum eldfimum efnum en þarf að hafa sérstaka útloftun. Fara skal að í samræmi við allar innlendar reglugerðir varðandi fráveitu á gufum.
- Nauðsynlegt er að hafa fullnægjandi loftræstingu ef nota á háfinn um leið og önnur tæki sem brenna gasi eða öðrum eldfimum efnum. Neikvæður þrýstingur rýmisins skal ekki vera meiri en 4 Pa (4x 10-5 bör). Þess vegna þarf að tryggja að rýmið sé vel loftræst.
- Látið steikarpönnur ekki vera án eftirlits meðan steikt er því kviknað gæti í steikarfeitinni.
- Gætið þess að ljósaperurnar séu orðnar kaldar áður en þær eru snertar.
- Notið ekki háfinn eða farið frá honum án þess að ljósaperan sé sett í rétt því annars gæti það valdið raflosti.
- Háfurinn er ekki vinnuborð og þess vegna skal ekki láta neina hluti standa ofan á honum eða þyngra hann um of.

- Við uppsetningu og viðhald þarf að nota viðeigandi vinnuhanska.
- Þetta tæki hentar ekki fyrir notkun utanhúss.

**⚠ AÐVÖRUN:** meðan eldavélin er í notkun geta aðgengilegir hlutar háfsins hitnað.

### Uppsetning og tengingar

Þegar tækið hefur verið tekið úr umbúðunum þarf að athuga með skemmdir í flutningi. Ef upp koma vandamál skal hafa sambandi við söluaðila. Til að koma í veg fyrir skemmdir skal aðeins taka tækið úr frauðplastumbúðum sínum þegar setja á það upp.

### Undirbúningur fyrir uppsetningu

**⚠ AÐVÖRUN:** þetta er þungur hlutur; við uppsetningu hans ætti að nota tvo eða fleiri til að lyfta honum og setja hann upp.

Minnsta fjarlægð milli eldavélarinnar og neðsta hluta háfsins skal ekki vera minni en 65 cm fyrir eldavélar sem brenna gasi eða öðru eldsneyti og 50 cm fyrir rafmagnseldavélar.

Áður en uppsetning er hafin þarf einnig að athuga lágmarksfjarlægðir sem tilgreindar eru í handbók eldavélarinnar.

Ef leiðbeiningar um uppsetningu eldavélarinnar tilgreina meiri fjarlægð milli eldavélarinnar og háfsins þarf að fara eftir þeim fyrirætlum.

### Raftengingar

Gætið þess að rafspenna sem tilgreind er merkiplötu tækisins sé sú sama og í rafveitukerfinu.

Þessar upplýsingar er hægt að finna innan á háfnum, undir fitusíunni.

Ef skipta þarf um rafmagnskapal (gerð H05 VV-F) þarf löggiltur rafvirki að vinna verkið. Hafið samband við viðurkenndan þjónustuaðila.

Ef rafmagnskló er á háfnum skal stinga henni í samband við innstungu sem

samrýmist reglugerðum um spennu og er staðsett á hentugum stað.

Ef engin rafmagnskló er til staðar (beintenging í rafmagn) eða ef innstungan er á óaðgengilegum stað þarf að láta löggiltan rafvirkja setja upp hefðbundinn tveggja póla rafmagnsrofa svo hægt sé að aftengja háfinn algerlega frá rafmagni ef yfirspenna af flokki III á sér stað, í samræmi við reglur um raflagnir.

**Notkun**

Háfurinn er hannaður fyrir uppsetningu og notkun annað hvort sem "útblástursháfur" eða "hringrásarháfur".



**Útblástursháfur (sjá táknið í bæklingnum um uppsetningu)**

Gufur frá eldamennsku sogast upp og eru leiddar út undir bert loft gegnum útloftunarrás (fylgir ekki með) sem er tengd við útblástursop háfsins.

Gætið þess að útloftunarrásin sé rétt tengd við útblástursopið með viðeigandi tengingum.

**Mikilvægt:** Ef viðarkolasían/-siurnar eru þegar settar í þarf að taka þær úr.



**Hringrásarháfur (sjá táknið í bæklingnum um uppsetningu)**

Loftið síast í gegnum eina eða fleiri viðarkolasíur og síðan hleypt aftur út í rýmið.


**Mikilvægt:** Gætið þess að fullnægjandi loftræsting sé umhverfis háfinn.

**Mikilvægt:** Ef háfurinn er afhentur án viðarkolasía þarf að panta þær og setja í áður en hægt er að nota hann.

Setjið háfinn upp fjarri mjög óhreinum svæðum, gluggum, hurðum og hitagjöfum. Aukahlutirnir til festingar á vegg fylgja ekki með vegna þess að veggir eru úr mörgum ólíkum efnum og því þarf mismunandi gerðir af festingum. Notið festingar sem henta fyrir veggina á heimilinu og þyngd tækisins. Nánari upplýsingar fást hjá söluaðila.

Geymið þennan bækling til samráðs síðar.


Lýsing á tækinu



- 1 Útdraganlegur reykháfur.
- 2 Stjórnborð.
- 3 Fitusía.
- 4 Halógenljósaperur.
- 5 Ausuhalda.

Stjórnborð

- A Hnappur fyrir ljós KVEIKT/SLÖKKT.
- B KVEIKT/SLÖKKT hnappur / loftsgshnappur 1 valhnappur.
- C Loftsgshnappur 2 valhnappur.
- D Loftsgshnappur 3 valhnappur.



Þrif og viðhald

**⚠ AÐVÖRUN:** Notið aldrei gufuhreinsibúnað. Takið raftækið úr sambandi við innstungu.

**MIKILVÆGT:** Notið ekki tærandi eða slípandi hreinsiefni. Ef slík efni komast í snertingu við tækið þarf að þrifa þau af með rökum klút.

- Þrifið yfirborðið með rökum klút. Ef mikil óhreinindi eru til staðar má setja nokkra dropa af þvottalegi í vatnið. Þurrkið með þurrum klút.

**MIKILVÆGT:** notið ekki grófa svampa, málmköfur eða skrúbbur. Yfirborðið gæti skemmt með þeim.

- Notið hreinsiefni sem eru sérstaklega ætluð til að hreinsa tækið og farið eftir leiðbeiningum framleiðanda.

**MIKILVÆGT:** þrifið síurnar að minnsta kosti í hverjum mánuði til að fjarlægja leifar af olíum og fitu.


**Að hreinsa fitusíuna**

Fitusían er úr málm og endist ótakmarkað og það þarf að þvo hana að minnsta kosti einu sinni í mánuði, annað hvort í

höndunum eða í uppþvottavélinni á stuttum þvottatíma og lágum hita. Ef sían er þvegin í uppþvottavél þá getur hún orðið mött; þetta hefur ekki áhrif á síunarvirki hennar.


**Viðhald á fitusíu:**

1. Takið háfinn úr sambandi við rafmagn.
2. Fitusíurnar fjarlægðar: tugið gormspennta handfangið niður á við og takið síuna úr.
3. Eftir að fitusían hefur verið þrífín er hún sett í aftur í öfugri röð og gæta þarf þess að allt útsogssvæðið sé hulið.



**Viðhald á viðarkolasíum (ef háfurinn er settur upp sem hringrásarháfur)**

1. Takið háfinn úr sambandi við rafmagn.
2. Takið fitusíuna úr
3. Ef viðarkolasíurnar eru þegar ísettar (tvær síur sem hylja verndargrillin á móturviftunni) og þarf að skipta um þær er handfanginu í miðju snúið rangsælis til að aflæsa þeim. Setjið nýjar síur í samkvæmt réttri röð.
4. Setjið fitusíuna aftur í. Hvorki er hægt að þvo kolasíuna né endurvinna hana. Skiptið um kolasíu á 4 mánaða fresti.




**Skipt um halógenljósaperur**

**⚠ AÐVÖRUN:** - Notið aðeins 10W MAX - G4 halógenljósaperur.

1. Takið háfinn sambandi við innstungu.
2. Setjið blaðið á litlu skrúfjárn þar sem sýnt er á þremur stöðum og smellið með vægum þrýstingi ljósaflífinni úr sæti sínu.
3. Takið ónýtu ljósaperuna úr og setjið nýja í.
4. Setjið hlífina aftur á (gormspennulokun).

**MIKILVÆGT:** gætið þess að snerta alls ekki ljósaperurnar með höndunum.





**Hvað á að gera ef...**

Vandamál	Hugsanleg orsök	Lausn
Tækið virkar ekki	Ekkert rafmagn er til staðar	Athugið hvor rafmagn sé á. Slökkvið á tækinu og enduræsið það til að athuga hvort bilunin haldi áfram.
	Tækið er ekki tengd við rafmagn	Athugið hvort tækið sé tengt við rafmagn. Slökkvið á tækinu og enduræsið það til að athuga hvort bilunin haldi áfram.
Sogkraftur háfsins er ekki nógu mikill	Soghraðinn er of lágur	Athugið soghraðann og lagfærið eftir þörfum.
	Málmsíurnar eru óhreinar	Athugið hvort síurnar séu hreinar Ef ekki þarf að þvo þær í uppþvottavélinni.
	Loftopin eru stífluð	Athugið loftopin vegna hindrana og fjarlægði eftir þörfum.
Ljósín virka ekki	Ljósaperan er biluð	Athugið ljósaperuna og skiptið um ef með þarf.
	Ljósaperan er ekki rétt sett í	Athugið hvort ljósaperan sé rétt sett í. Ef svo er ekki þarf að setja hana rétt í.

**Áður en haft er samband við þjónustuaðila:**

Kveikið aftur á tækinu til að athuga hvort vandamálið sé horfið. Ef svo er ekki skal slökkva aftur á háfnum og endurtaka eftir eina klukkustund.

Ef tækið vinnur enn ekki rétt eftir að búið er að framkvæma þær athuganir sem tilgreindar eru í kaflanum um bilanagreiningu og kveikja aftur á tækinu þarf að hafa samband við þjónustuaðila og útskýra fyrir þeim vandamálið og gefa eftirfarandi upplýsingar:

- gerð bilunarinnar;
- tegund tækisins;
- gerð og raðnúmer tækisins (sést á merkiplötunni);
- þjónustunúmer (númerið sem er á eftir orðinu SERVICE á merkiplötunni innan í tækinu).


**SERVICE** 0000 000 00000



## Tæknilegar upplýsingar


<b>Gerð afurðar</b>	Hlíf á vegg		
Málstærðir	Breidd	mm	800
	Dýpt	mm	480
	Hæð lágmark	mm	990
	Hæð hámark	mm	1540
Heildarorka	W	275	
Perur uppl.	Tegund		Halógen
	Fjöldi og afl	W	2x10W
	Perustæði		Kastari
Uppsetning, minnsta hæð gaseldavél	mm	65	
Uppsetning, minnsta hæð rafmagnseldavél	mm	50	
Þyngd vöru	Kg	16,9	
<b>Viðbótarupplýsingar um vöru í samræmi við framselda reglugerð (ESB) nr. 66/2014</b>			
Auðkenni gerðar			FOLJANDE 90345390
Ársnotkun orku	kWh/a	82,7	
Tímaþáttur aukningar		1,1	
Hagkvæmni flæðishreyfinga	%	25,8	
Orkunýtnistuðull		69,2	
Mælt loftstreymi á hagkvæmasta punkti	m <sup>3</sup> /h	400	
Mældur loftþrýstingur á hagkvæmasta punkti	Pa	394	
Hámarks loftflæði	m <sup>3</sup> /h	647	
Mælt innlag rafspennu á hagkvæmasta punkti	W	169,5	
Málspenna ljósa	W	20,0	
Meðallýsing ljósabúnaðar á eldunarborð	lux	100	
Orkunotkun í biðhætti	W	0,00	
Orkunotkun með slökkt	W	0,00	
Vegin hávaðamyndun á hæsta hraða	dB(A)	72,0	

Tæknilegar upplýsingar eru á merkiplötunni innan í tækinu og á orkuspjaldinu.



## Umhverfissjónarmið


### Förgun umbúða

Umbúðafnið er 100% endurvinnanlegt og er merkt með endurvinnslutákninu . Hinum ýmsu hlutum umbúðanna þarf því að farga af ábyrgð og í fullu samræmi við staðbundnar reglugerðir um förgun úrgangs.

### Úrelding tækisins

- Þetta tæki er merkt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um rafænan úrgang 2012/19/EB, (WEEE).
- Með því að tryggja förgun þessa tækis á réttan hátt stuðlið þið að því að fyrirbyggja hugsanlega neikvæð áhrif á umhverfið og heilsu manna sem gæti annars orsakast af óviðeigandi meðferð á úrgangi úr tækinu.



Táknid  á tækinu eða á meðfylgjandi gögnum þess gefur til kynna að það skuli ekki meðhöndlað sem heimilísúrgangur heldur þarf að fara með það á viðeigandi söfnunarstöð fyrir endurvinnslu á rafmagns- og rafeindabúnaði.

### Úrelding heimilistækja

- Þetta tæki er framleitt úr endurvinnanlegum eða endurnýtanlegum efnum. Fargið því í samræmi við staðbundnar reglur um förgun úrgangs. Fyrir úreldingu þarf að klippa rafmagnskapalinn af.
- Nánari upplýsingar um meðferð, endurnýtingu og endurvinnslu á heimilisraftækjum fást með því að hafa samband við lögbært staðaryfirvald, viðtökuþjónustu fyrir heimilísúrgang eða verslunina þar sem tækið var keypt.

### Ráð til að spara orku

- Kveikið á háfnum á minnsta hraða þegar byrjað er að elda og látið hann ganga í nokkrar mínútur eftir að eldun er lokið.
- Aukið hraðann aðeins ef mikill reykur eða gufa myndast og notið aðeins aflskot í ýtrustu tilfellum.
- Skiptið um kolasiu(r) eftir þörfum til draga úr lykt á eins hagkvæman hátt og unnt er.
- Hreinsið fitusíu(r) eftir þörfum til að sía feiti úr á eins hagkvæman hátt og unnt er.
- Notið hæsta þvermál af lagnaefni sem gefið er upp í þessari handbók til að auka hagkvæmni sem mest og draga úr hávaða.

### Gerðarsamræmisýfirlýsing



- Þetta raftæki hefur verið hannað, framleitt og markaðssett í samræmi við:
  - kröfur um umhverfishönnun Evrópureglugerðar nr. 65/2014 og nr. 66/2014 eru í samræmi við Evrópustaðal EN 61591-1;

Aðeins hægt að ábyrgjast rafrænt öryggi tækisins ef það er jarðtengt á réttan hátt.

## IKEA ÁBYRGÐ

### Hve lengi gildir IKEA ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í fimm (5) ár frá þeim degi sem kaupin á tækinu eru gerð hjá IKEA.

Á tækjum sem bera vöruheitið LAGAN gildir ábyrgðin í tvö (2) ár. Upprunalegrar sölukvittunar er krafist til staðfestingar á kaupum. Ef unnin eru þjónustuverk sem falla undir ábyrgðina framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

### Hvaða tæki falla ekki undir skilmála fimm (5) ára ábyrgðar IKEA?

Vörulína sem ber vöruheitið LAGAN og öll tæki sem keypt voru hjá IKEA fyrir 1. ágúst 2007.

### Hver mun framkvæma þjónustuna?

IKEA þjónustuaðili mun veita þjónustu í eigin þjónustuaðstöðu eða í gegnum viðurkennt kerfi þjónustuaðila.

### Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær yfir bilun á tæki sem til komin er vegna galla í samsetningu eða efnisgalla sem koma fram eftir kaupdag frá IKEA. Ábyrgðin gildir einungis ef um heimilisnotkun er að ræða. Undantekningar eru tilgreindar undir kaflanum „Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?“ Innan þess tíma sem ábyrgðin tekur til fellur allur kostnaður, s.s. viðgerðir, varahlutir, vinnu- og ferðakostnaður á þjónustuaðilann, að því tilskildu að tækið sé aðgengilegt til viðgerðar án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur Evrópusambandsins (Nr. 99/44/ESB) svo og staðbundnar reglur. Allir hlutir sem teknir eru úr tækjum og skipt er um eru eign IKEA.

### Hvað gerir IKEA til að bæta úr vandamálinu?

Þjónustuaðili á vegum IKEA skoðar tækið og ákvarðar hvort það fellur undir ákvæði ábyrgðarinnar. Ef það fellur undir ákvæði hennar mun þjónustuaðili á vegum IKEA, eða viðurkenndur samstarfsaðili hans, samkvæmt

ákvörðun hans eingöngu, sinna viðgerð eða skipta tækinu út með samskonar eða svipaðri vöru.

### Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?

- Eðlilegt slit vegna notkunar.
- Skemmdir sem eru af völdum ásetnings eða hirðuleysis, skemmdir sem verða vegna þess að ekki er farið eftir notkunarleiðbeiningum, skemmdir vegna rangrar uppsetningar eða tengingar við ranga spennu, skemmdir vegna rafefnafræðilegra efnahvarfa, ryðs, tæringar, vatnsskemmda svo sem ofmettunar kalks í vatni en takmarkast ekki þar við svo og skemmdir vegna óeðlilegra umhverfisáhrifa.
- Rekstrarvörur svo sem rafhlöður og perur.
- Aukahlutir og skrautmunir sem hafa ekki áhrif á eðlilega notkun tækisins svo og rispur og hugsanlegur litamismunur.
- Óhöpp sem verða vegna aðskotahluta eða efna sem notuð eru við hreinsun og losun á stíflum úr síum, frárennisliskerfum eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: postulíni, aukahlutum, leirvöru- og hnífaparakörfum, að- og frárennislisrörum, þéttingum, perum og ljósakúplum, skermum, höldum, hlífum og hlutum af hlífum. Þetta á við nema hægt sé að sanna að þessar skemmdir séu vegna framleiðslugalla.
- Tilfelli þar sem enginn galli finnst meðan á heimsókn tæknimanns stendur.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af tilnefndum þjónustuaðilum og/ eða viðurkenndum samningsbundnum þjónustuaðila eða ef upprunalegir varahlutir hafa ekki verið notaðir.
- Viðgerðir sem framkvæmdar eru vegna rangrar ísetningar eða samrýmist ekki tæknilýsingu.
- Notkun tækis utan heimilis, t.d. í atvinnuskyni.

- Skemmdir í flutningi. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir neins konar skemmdum sem geta orðið á meðan á flutningi stendur. Ef IKEA afhendir vöruna hins vegar á heimilisfang viðskiptavinarins mun IKEA bæta skemmdir sem hafa orðið á meðan á afhendingu vörunnar stóð.
- Kostnaður vegna fyrstu uppsetningar IKEA tækisins. Ef tilefndur þjónustuaðili IKEA eða viðurkenndur samningsaðili þess gerir hins vegar við eða skiptir um tækið samkvæmt ábyrgðarskilmálunum mun þjónustuaðilinn eða hinn viðurkenndi samningsaðili setja tækið sem gert var við aftur upp eða setja upp nýtt tæki ef með þarf.

Þessar takmarkanir eiga þó ekki við um gallalaust verk sem unnið er af þjálfuðum sérfræðingi sem notar upprunalega varahluti frá okkur til að aðlaga tækið að tæknilyngu annars ESB-ríkis.

**Beiting landslaga**

IKEA ábyrgðin veitir kaupanda lögbundinn rétt sem nær til allra krafna samkvæmt í landslögum eða gengur lengra en þau. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt rétt neytandans sem kveðið er á um í landslögum.

**Gildissvæði**

Vegna tækja sem keypt eru í einu ESB-landi og flutt yfir í annað ESB-land verður þjónusta veitt í samræmi við ábyrgðarskilyrði sem teljast eðlileg í nýja landinu. Skuldbinding til að veita þjónustu innan ramma ábyrgðarinnar er aðeins fyrir hendi ef tækið samrýmist og er sett upp samkvæmt:

- tæknilyngu landsins þar sem ábyrgðarkrafan er sett fram;
- leiðbeiningum um samsetningu og öryggishandbók tækisins.

**Ábyrg eftirþjónusta fyrir IKEA tæki**

Hafið samand við viðurkenndan eftirþjónustuaðila til að:

- leggja fram þjónustubeiðni samkvæmt ábyrgð þessari;
- fá nánari skýringar á uppsetningu á IKEA tækinu í sérstakri IKEA eldhúsinnréttingu;
- fá skýringar á aðgerðum IKEA tækja.

Til að tryggja bestu mögulegu þjónustu þarf að lesa þessar leiðbeiningar um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við þjónustuaðilann.

**Hvernig er haft samband við okkur ef þjónusta er nauðsynleg**



Á síðustu síðu þessarar handbókar er heildarlisti yfir alla viðurkennda þjónustuaðila IKEA og símanúmer þeirra hvers í sínu landi.

**i** Til að veita sem skjótasta þjónustu mælum við með því að nota sérstök símanúmer sem tiltekin eru í þessari handbók. Notið alltaf þau númer sem vísað er til í sérstökum notendaleiðbeiningum fyrir það tæki sem aðstoð er þörf fyrir. Einnig þarf alltaf að vísa til IKEA hlutarnúmersins (8-stafa talnakóða) og 12-stafa þjónustunúmers sem er á merkiplötu tækisins.

**i** GEYMIÐ SÖLUKVITTUNINA!

Hún er sönnun fyrir kaupunum og er nauðsynleg þegar sótt er um ábyrgð. Sölukvittunin gefur einnig upp IKEA heiti og hlutarnúmer vörunnar (8-stafa talnakóða) fyrir hvert tæki sem þið hafið keypt.

**Er þörf á frekari aðstoð?**

Hafið samband við næstu IKEA verslun eða hringið í þjónustuver ef þið hafið fleiri spurningar sem tengjast ekki eftirþjónustu tækja ykkar. Við mælum með því að þið lesið gögnin sem fylgja tækinu vandlega áður en haft er samband við okkur.

**BELGIË - BELGIQUE - BELGIEN**

Telefoon/Numéro de téléphone/Telefon-Nummer:	026200311	
Tarief/Tarif/Tarif:	Lokaal tarief/Prix d'un appel local/Ortstarif	
Openingstijd:	Maandag - Vrijdag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

**БЪЛГАРИЯ**

Телефонен номер:	02 4003536	
Тарифа:	Локална тарифа	
Работно време:	понеделник - петък	8.00 - 20.00

**ČESKÁ REPUBLIKA**

Telefonní číslo:	225376400	
Sazba:	Místní sazba	
Pracovní doba:	Ponděli - Pátek	8.00 - 20.00

**DANMARK**

Telefonnummer:	70150909	
Takst:	Lokal takst	
Åbningstid:	Mandag - fredag	9.00 - 21.00
	Lørdag	9.00 - 18.00
	(Åbent udvalgte søndage, se IKEA.dk)	

**DEUTSCHLAND**

Telefon-Nummer:	06929993602	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

**ΕΛΛΑΔΑ**

Τηλεφωνικός αριθμός:	2109696497	
Χρέωση:	Τοπική χρέωση	
Ώρες λειτουργίας:	Δευτέρα - Παρασκευή	8.00 - 20.00

**ESPAÑA**

Teléfono:	913754126	
Tarifa:	Tarifa local	
Horario:	Lunes - Viernes	8.00 - 20.00
	(España Continental)	

**FRANCE**

Numéro de téléphone:	0170480513	
Tarif:	Prix d'un appel local	
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	9.00 - 21.00

**HRVATSKA**

Broj telefona:	0800 3636	
Tarifa:	Lokalna tarifa	
Radno vrijeme:	Ponedjeljak - Petak	8.00 - 20.00

**ÍSLAND**

Símanúmer:	5852409	
Kostnaður við símtal:	Almennt mínútuverð	
Opnunartími:	Mánudaga - Föstudaga	9.00 - 17.00

**ITALIA**

Telefono:	0238591334	
Tariffa:	Tariffa locale	
Orari d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

**LIETUVIŲ**

Telefono numeris:	(0) 520 511 35	
Skambūčio kaina:	Vietos mokestis	
Darbo laikas:	Nuo pirmadienio iki penktadienio	8.00 - 20.00

**MAGYARORSZÁG**

Telefon szám:	(06-1)-3285308	
Tarifa:	Helyi tarifa	
Nyitvatartási idő:	Hétfőtől Péntekig	8.00 - 20.00

**NEDERLAND**

Telefoon:	09002354532 en/of 0900 BEL IKEA	
Tarief:	15 cent/min., starttarief 4.54 cent en gebruikelijke belkosten	
Openingstijd:	Maandag t/m - Vrijdag	8.00 - 20.00
	Zaterdag	9.00 - 20.00
	Zondag	gesloten

**NORGE**

Telefon nummer:	23500112	
Takst:	Lokal takst	
Åpningstider:	Mandag - fredag	8.00 - 20.00

**ÖSTERREICH**

Telefon-Nummer:	013602771461	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

**POLSKA**

Numer telefonu:	225844203	
Stawka:	Koszt połączenia według taryfy operatora	
Godziny otwarcia:	Poniedziałek - Piątek	8.00-20.00

**PORTUGAL**

Telefone:	213164011	
Tarifa:	Tarifa local	
Horário:	Segunda - Sexta	9.00 - 21.00

**REPUBLIC OF IRELAND**

Phone number:	016590276	
Rate:	Local rate	
Opening hours:	Monday - Friday	8.00 - 20.00

**ROMÂNIA**

Număr de telefon:	021 2044888	
Tarif:	Tarif local	
Orar:	Luni - Vineri	8.00 - 20.00

**РОССИЯ**

Телефонный номер:	84957059426	
Стоимость звонка:	Местная стоимость звонка	
Время работы:	Понедельник - Пятница	9.00 - 21.00
	(Московское время)	

**SCHWEIZ - SUISSE - SVIZZERA**

Telefon-Nummer/Numéro de téléphone/Telefono:	0225675345	
Tarif/Tarif/Tariffa:	Ortstarif/Prix d'un appel local/Tariffa locale	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Orario d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

**SLOVENSKO**

Telefónne číslo:	(02) 50102658	
Cena za hovor:	Cena za miestny hovor	
Pracovná doba:	Pondelok až piatok	8.00 - 20.00

**SRBIJA**

<http://www.ikea.com>

**SUOMI**

Puhelinnumero:	0981710374	
Hinta:	Yksikköhinta	
Aukioloaika:	Maanantaista perjantaihin 8.00 - 20.00	

**SVERIGE**

Telefon nummer:	0775-700 500	
Taxa:	Lokal samtal	
Öppet tider:	Måndag - Fredag	8.30 - 20.00
	Lördag - Söndag	9.30 - 18.00

**UNITED KINGDOM**

Phone number:	02076601517	
Rate:	Local rate	
Opening hours:	Monday - Friday	9.00 - 21.00



